

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 270, 27. mars 2001, um veiðar úr úthafskarfastofninum 2001.

1. gr.

Orðin „og vestan línu, sem dregin er 180° réttvísandi úr punkti 3 að mörkum fiskveiðilandhelgi Íslands“ í 1. mgr. 1. gr. falla út. Við bætist 4. tl.: 60°22'N - 24°20'V.

2. gr.

4. mgr. 6. gr. orðist svo: Er afli reiknast til aflamarks, skal miðað við 55% nýtingu sé úthafskarfa landað hausskornum, 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum og 27% nýtingu sé honum landað flökuðum, roðlausum með beinum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. apríl 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

27. mars 2001

Nr. 305

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 587/1993, um bragðefni í matvælum.

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Framkvæmdastjórn EB hefur með ákvörðun nr. 1999/217/EB frá 23. febrúar 1999, með breytingu nr. 2000/489/EB, birt lista yfir bragðefni, sem notuð eru í matvælum. Jafnframt hefur verið sett af stað áætlun í samræmi við reglugerðir nr. 2232/1996/EB og nr. 1565/2000/EB til að meta bragðefnin með tilliti til ýmissa þátta. Að matsferlinu loknu munu íslensk stjórnvöld birta lista yfir bragðefni sem heimil eru til notkunar í matvælum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 27. mars 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.